

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Þórður Pálsson, á af kærur og kröfum stefnda, Jóns Sveinbjarnarsonar, í þessu máli sýkn að vera. Málskostnaður falli niður. Yfirrjettarmálflutningsmaður Páll Briem greiði sekt fyrir ósæmilegan rithátt, 15 krónur til landssjóðs og 15 kr. til fátækra sjóðs Reykjavíkur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 57/1889.

Hið opinbera  
gegn  
Finni Finnssyni.

#### D ó m u r :

Hinn kærði Finnur Finnsson hefur síðan 1. maí p. á. stadið fyrir veitingasölu í veitingahúsinu «Geysi» hjer í bænum sem verkstjóri eða þjónustumaður annars manns, Jóns Ívarssonar, samkvæmt samningi við hann, dags. 1. maí p. á., en Jón Ívarsson hefur amtsleyfi til vínveitinga, er var veitt honum 5. júlí 1887. Skömmu eptir að kærði tók við nefndri veitingaforstöðu var opinbert mál höfðað gegn honum og nefndum Jóni Ívarssyni fyrir heimildarlaugar vínveitingar í «Geysi», því að það var álit ákærvaldsins, að Jón Ívarsson, sem hafði hætt að hafa sjálfur veitingarnar á hendi og gengið í þjónustu annars manns hjer í lögsagnarumdæmi bæjarins, hefði með þessu sleppt rjetti sínum til veitinganna samkvæmt áðurgreindu amtsleyfi og gæti eigi látið kærða reka þær fyrir sig í sínu nafni og á sína ábyrgð, og væri því vínveitingasala kærða Finns Finnssonar í «Geysi» fyrir

hans hönd heimildarlaus að lögum. Á þessa skoðun ákærvaldsins fjellst lögregludómarinn í Reykjavík, er dæmdi í málinu 6. júní p. á., og var Jón Ívarsson, sem sá, er ábyrgðina bæri af veitingunum, dæmdur í sekt samkvæmt lögum um veitingu og sölu áfengra drykkja, 10. febr. 1888, 2. og 9. gr., fyrir heimildarlausar vínveitingar í «Geysi», en kærði var sýknaður sakir þess hann hefði að eins stundað veitingasöluna sem þjónustumaður Jóns Ívarssonar eða verkstjóri hans. Dómi þessum var síðan skotið til yfirdómsins eptir beiðni Jóns Ívarssonar, og urðu úrslitin þar með dómi 2. sept. p. á., að Jón var sýknaður af kæru hins opinbera sökum þess, að veitingaleyfi hans áleizt vera enn í gildi, þó að hann hefði hætt sjálfur beinum afskiptum af veitingunum og falið öðrum forstöðu þeirra; en að því er kærða Finn Finnsson snerti, var dómnum eigi áfrýjað, og stendur hann því óhaggaður að því er hann áhrærir.

Þegar nefndur yfirrettardómur, 2. sept. p. á., var genginn, ætlaði kærði, að sjer væri óhætt að byrja af nýju vínveitingar í «Geysi» sem forstöðumaður veitingahússins fyrir hönd Jóns Ívarssonar samkvæmt áðurgreindum samningi þeirra á milli, en hann hafði hætt við veitingarnar um hríð eptir boði bæjarfógetans, og tók hann því nú upp aptur vínveitingarnar í «Geysi» á nefndan hátt, og auglýsti að þær yrðu hafðar þar framvegis. Þá var af nýju höfðað opinbert mál gegn kærða eptir boði landshöfðingjans og honum gefið að sök, að hann hefði haldið veitingahús í «Geysi», án þess að hafa veitingaleyfi, og að hann hefði auglýst í blöðunum, að vínveitingar yrðu þar framvegis. Var mál þetta dæmt í lögreglurjetti Reykjavíkur 7. okt. p. á. svo, að



kærði var sýknaður af kæru hins opinbera og málskostnaður skyldi greiðast af almannafje, og voru þau úrslit byggð á því, að áður nefndur yfirjettardómur, 2. sept. p. á., hefði álitid veitingaleyfi Jóns Ívarssonar, er kærði stundaði veitingarnar fyrir, í fullu gildi, þó að hann ræki eigi veitingarnar sjálfur. Þessum dómi hefur síðan verið áfrýjað til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.

Eins og sjest af því, sem nú hefur sagt verið, er hin síðargreinda málssókn gegn kærða, er í hjerði lyktaði með hinum áfrýjaða dómi, 7. okt. p. á., byggð að öllu leyti á sömu atvikum og hin fyrri málshöfðunin gegn kærða, er áður áminnstur lögreglurjettardómur, 6. júní p. á., batt enda á, en engin breyting hefur orðið síðan á afstöðu kærða til veitinganna í «Geysi» og hann er þar eins og áður að eins þjónustumaður eða verkstjóri Jóns Ívarssonar og rekur veitingarnar fyrir hans hönd og á hans ábyrgð. En þar sem svo er ástatt, verður yfirdómurinn að álíta, að kærði eigi heimting á, að tekið verði tillit til sýknudóms þess yfir honum, er áður er genginn um þau sömu atvik, og ber því, eins og undirdómarinn hefur gjört, en raunar með öðrum ástæðum, að dæma hinn kærða sýknan af kærum og kröfum hins opinbera í þessu máli. Málskostnað fyrir báðum dómum ber að greiða af almannafje, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Það er aðfinningarvert að eigi hafa verið lagðar fram í málinu fyrir lögreglurjettinum dómsgjörðirnar í hinu fyrra máli gegn kærða, er dæmt var 6. júní p. á. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Kærði Finnur Finnsson á að vera sýkn af kæru hins opinbera í þessu máli. Málskostnaður í hjer-  
aði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutnings-  
laun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfir-  
rjettarmálafutningsmannanna Guðlaugs Guðmunds-  
sonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors, greiðist af  
almannafje.

---